



EIGNASAFN - RÍKI OG SJÓÐIR

1. maí 2012

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, ábyrgð sveitarfélaga, öðrum skuldabréfum, innlánum fjármálafyrirtækja og öðrum fjármálagerningum tengdum verðbréfum. Sjóðnum er jafnframt heimilt að fjárfesta beint í innlendum og erlendum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga og innlánnum fjármálafyrirtækja.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða (UCITS-sjóðir), sem fjárfesta á skuldabréfamörkuðum. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum fjárfestingarsjóða skv. III. kafla laga nr. 128/2011. Heimilt er að ávaxta eignir sjóðsins í innlendum og erlendum skuldabréfum. Jafnan skal sjóðurinn vera fullfjárfestur í hlutdeildarskírteinum, skuldabréfum og innlánnum, en sjóðnum er þó heimilt að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem hefur fengist með sölu hlutdeildarskírteina eða vegna sölu eigna sjóðsins. Sjóðurinn er verðbréfasjóður og fjárfestingarheimildir sjóðsins fylgja ákvæðum laga nr. 128/2011. Sjóðnum er heimilt að festa það fé, sem hann nýtir til fjárfestinga í öðrum sjóðum, að hluta eða öllu leyti í sjóðum Íslandssjóða, en að hámarki 50% af eign sinni skv. 3. mgr. 39. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Kveðið er á um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða í fyrrnefndum lögum.

Eignasamsetning


	Eign	Markmið	Lágmark	Hámark
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða (UCITS-sjóðir)	46%	70%	40%	90%
Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða skv. III. kafla laga nr. 128/2011	0%	0%	0%	30%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga	35%	30%	0%	50%
Innlán fjármálastofnana	13%	0%	0%	40%
Afleiður	0%	0%	0%	10%
Laust fé	7%	0%	0%	10%

Stærstu eignir


Veltusafn	17,3%
Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7	16,5%
Innlán Arion banki	12,7%
Íslensk ríkisskuldabréf - Sjóður 5	12,0%
Spariskírteini 14.04.2021	9,1%
Íbúðabréf á gjalddaga 15.02.2024	7,3%
Laust fé	6,5%
Ríkisbréf á gjalddaga 26.02.2019	6,2%
Íbúðabréf á gjalddaga 15.06.2044	4,6%
Ríkisbréf á gjalddaga 12.06.2025	1,7%

Undirliggjandi eignir*

Eignir - Myndrænt



* Horft er til undirliggjandi eigna sjóða og til eigna í stökum verðbréfum




Stofnár	2011	Viðskiptatími	10:00 - 15:00	Meðallíftími skuldabréfaeignar, ár	4,8
Hrein eign [m.kr.]	507	Kaup/innlausn	1 viðskiptadagur (T+1)	Verðtryggingarhlutfall	45%
Tegund sjóðs	Verðbréfasjóður	Lágmarkskaup	10.000	Staðalfrávik ávöxtunar (flökt)***	Ótiltækt
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.	Lágmarkskaup í áskrift	5.000	Virði í húfi (VaR)***	Ótiltækt
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.	Árleg umsjónarlaun, flokkur A**	0,5%	Sharpe-hlutfall***	Ótiltækt
Fjárfestingarteymi:		Kostnaður við kaup, flokkur A**	1,0%	Alfa***	Ótiltækt
Aldis Stefánsdóttir, sjóðstjóri		Afgreiðslugjald	skv. verðskrá söluaðila	Beta***	Ótiltækt
Loftur Ólafsson, sérfræðingur		ISIN	IS0000020477		
Sigurður G. Gíslason, safnastjóri					

**Nánari upplýsingar um flokka A og B má finna í útboðslýsingu sjóðsins

***Útreikningar miðast við dagleg gildi síðustu 36 mánaða, á ársgrundvelli

Nafnávöxtun



Heimild: Íslandssjóðir

Gengisbreyting fyrir 12 mánuði og lengra eru færð á ársgrundvöll

Gengisþróun frá stofnun sjóðs




Sjóðurinn hefur verið starfræktur síðan 1. apríl 2011

Heimild: Íslandssjóðir

Áhættustig sjóðsins

Gengi sjóðsins er háð þróun á innlendum og erlendum skuldabréfamörkuðum. Fjárfestingar sjóðsins eru að jafnaði vel dreifðar og næst þannig áhættudreifing sem er til þess fallin að draga úr sveiflum í gengi sjóðsins. Eignasafn - Ríkis og sjóðir er sjóðasjóður sem fjárfestir m.a. í öðrum verðbréfasjóðum sem gefur færri á meiri dreifingu en ef fjárfest væri í sjóði sem fjárfestir eingöngu beint í einstökum skuldabréfum. Samkvæmt lögum mega sjóðasjóðir að hámarki eiga 20% í einstaka sjóðum og jafnframt þurfa þeir sjóðir að dreifa áhættu sinni skv. tilteknum reglum. Þetta þýðir að eigna- og áhættudreifing sjóðasjóðs eins og Eignasafns - Ríkis og sjóða er mikil. Rétt er að hafa hugfast að fjárfestingu í verðbréfasjóðum fylgir áhætta og að gengi getur lækkað jafnt sem hækkað.

Áhættumælikvarði, staðalfrávik ávöxtunar



Áhættumælikvarðinn er flökt (staðalfrávik) á gengi sjóða síðustu 12 mánuði og flokkast undir markaðsáhættu. Þar sem um nýja sjóði er að ræða liggur flökt Eignasafns, Eignasafns - Ríkis og sjóða, Veltusafns og Skuldabréfasafns ÍS ekki fyrir fyrr en að einu ári liðnu.

Nánari upplýsingar

Íslandssjóðir hf.
Kirkjusandi 2-4, 155 Reykjavík
Sími: 440-4920
www.islandssjodir.is

Söluaðilar:

VÍB, Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka hf.
www.vib.is
Auður Capital
www.audurcapital.is
Arctica Finance
www.arctica.is

Fyrirvari

Fjárfestingu í verðbréfasjóðum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Eignarhlutdeild í verðbréfasjóði getur rýrnað, aukist eða staðið í stað og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga auk gengisflökts gjaldmiðla þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. **Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbinding um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.** Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta eru mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingakosti sem í boði eru. Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu Eignasafns - Ríkis og sjóða, sérstaklega umfjöllun um áhættu, á heimasíðu Íslandssjóða hf., www.islandssjodir.is eða hjá Eignastýringu Íslandsbanka.

Umfjöllun þessi er aðeins birt í upplýsingaskyni og skal því ekki litið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagæringum.

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719, er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.